



## Samningur um sameiningu Félags tæknifólks (FTF) og Félags íslenskra símamanna (FÍS).

**Félag tæknifólks, kt: 560493-3049 (FTF) og Félag íslenskra símamanna, kt. 530169-7669 (FÍS) gera með sér svohljóðandi samning um sameiningu félaganna:**

### Samningur

#### 1.gr.

FTF og FÍS sameinast frá og með 11. nóvember 2024. Sameinað félag heldur félagsnúmeri og kennitölu FTF og þar til nýtt nafn sameinaðs félags hefur verið valið þá verður nafn þess Félag tæknifólks og skammstöfun félagsins FTF.

Sameining fer fram með þeim hætti að félagsmenn FÍS færast til FTF og öðlast full réttindi í félaginu frá þeim tíma eins og þeir hefðu verið félagsmenn í FTF en nýir félagsmenn ávinna sér réttindi í samræmi við reglur FTF og Rafiðnaðarsambands Íslands. Félagaskrár félaganna skulu sameinaðar og uppreikna skal réttindi FÍS félaga miðað við starfsreglur FTF. Frá sameiningu renna öll iðgjöld sem kveðið er á um í kjarasamningum félagsins í félags-, sjúkra-, orlofs- og menntasjóði til Félags tæknifólks.

#### 2.gr.

Félagssvæði sameinaðs félags (FTF) er landið allt og yfirtekur félagssvæði FÍS eftir sameiningu. FTF tekur yfir allar skuldbindingar gagnvart starfsmönnum og félagsmönnum aðrar en þær sem sérstaklega verða færðar til RSÍ með samningi þar að lútandi. FTF er aðili að Rafiðnaðarsambandi Íslands (RSÍ) og skrifstofur RSÍ eru skrifstofur félagsins einnig.

#### 3.gr.

Fyrsta stjórn og trúnaðarráð sameinaðs félags er afrakstur uppstillingarvinnu stjórna FTF og FÍS og í samræmi við grein 40.1 í lögum sameinaðs félags. Aðalfundir FÍS og FTF staðfesta uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og önnur trúnaðarstörf fyrir sameinað félag. Fyrsta kjör í stjórn og trúnaðarráð sameinaðs félags fer svo fram samkvæmt lögum FTF á ársfundi 2025.

Ný stjórn tekur til starfa sem starfsstjórn í kjölfar aðalfunda beggja félaga og starfar í umboði og með fyrirvara um samþykki, stjórna beggja félaga þar til niðurstaða allsherjar atkvæðagreiðslu liggur fyrir og sameinað félag tekur formlega til starfa.

#### 4.gr.

Bókhaldsleg sameining félaganna skal miða við 1. janúar 2024.

Þar sem sameinað félag heldur kennitölu og félagsnúmeri Félags tæknifólks við sameiningu þá er bókhaldsleg sameining félaganna þannig háttáð að félagsfólks FÍS gengur inn í FTF.

Sameinað félag yfirtekur allar eignir og skuldbindingar FÍS og FTF við sameiningu til samræmis við 5. gr. samnings þessa, utan þeirra eigna og skuldbindinga sem stjórn FÍS og Rafiðnaðarsamband Íslands hafa komist að samkomulagi um að færist til RSÍ við sameiningu og kveðið er á um í samningi FÍS og RSÍ þar að lútandi.



### 5.gr.

Í ljósi þess að eignir og skuldbindingar FÍS eru töluverðar eftir starfstíma sem nær til meira en einnar aldar og um leið vegna töluvert breyttrar samsetningar á hópi þeirra sem aðild eiga að félaginu, eru samningsaðilar sammála um að eðlilegt sé við sameiningu FÍS og FTF, fari fram á sama tíma ákveðið uppgjör á þeim eignum og skuldbindingum.

Hluti skuldbindinga og eigna FÍS eiga við um réttindi sem best færi á að færðust til Sjúkrasjóðs Rafiðnaðarsambands Íslands og samningsaðilar eru sammála um að með verkefnum eða skuldbindingum sem tengjast sögu, eldri skuldbindingum og þjónustu FÍS fylgi tilhlíflegt fjármagn samkvæmt samningi RSÍ og FÍS um ráðstöfun eigna.

FÍS og FTF leggja bæði til fjármagn sem sérstaklega er ætlað fyrir markaðstarf hjá sameinuðu félagi. Menningarsjóður FÍS leggur til kr. 5.000.000,- og Félagssjóður FTF leggur til kr. 5.000.000,-

Aðrar eignir en þær sem að framan greinir renna í sameiginlega sjóði í sameinuðu félagi í samræmi við úttekt og ráðgjöf endurskoðanda félagsins.

### 6.gr.

Samningsaðilar eru sammála um að í kjölfar sameiningar félaganna verði ráðist í greiningu á hlutverki og ásýnd hins sameinaða félags, kjarasamningsbundnum réttindum og þjónustu þeirri sem félagið og RSÍ veitir félagsfólki.

### 7.gr.

Í ljósi þess að FÍS lýkur starfsemi og í ljósi breytinga á starfsgreininni á undanförunum árum gengst stjórn FTF við mikilvægi þess að saga félagsins sé varðveitt eftir bestu getu og umfjöllun þar um gerð aðgengileg félagsmönnum.

### 8. gr.

Samningur þessi er gerður í samræmi við ákvörðun aðalfunda FTF og FÍS 17. apríl 2024 og niðurstöðu allsherjar atkvæðagreiðslu beggja félaga í samræmi við lög félaganna. Samningurinn er uppfærsla á samningi sem undirritaður var 15. apríl 2024 og fellur sá samningur því úr gildi við undirritun samnings þessa.

Samhliða þessum samningi gerir stjórn FÍS og RSÍ samning sín á milli um ráðstöfun þeirra eigna og skuldbindinga sem færast til RSÍ við sameiningu félaganna.

Rísi ágreiningur vegna efnis þessa samnings má reka það mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Reykjavík, 11. nóvember 2024**

---

Undirritun f.h. FTF

---

Undirritun f.h. FÍS